



**Bygðastofnun**  
**Próunarsvið**

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2607*  
*komudagur 31.5.2010*

Dagsetning  
28.05.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, mál 520.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur að það sé skynsamleg hugmynd að nefnd fari yfir tækifæri sem felast í svokallaðri grænni atvinnustarfsemi. Þessa starfsemi er hægt að samþætta við ýmsar áætlanir opinberra aðila, svo sem Bygðaaáætlun, Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og Sóknaráætlun 2020. Ísland hefur vissulega sérstöðu í orkumálum varðandi þessa uppbyggingu, en hins vegar þarf væntanlega að líka að huga að nýtingu annarra gæða og umhverfismálum almennt í þessu samhengi. Þar eru svið sem má bæta, svo sem endurvinnsla á sorpi.

Virðingarfyllt

---


Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar*



UMSÖGN

*Tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins ( þskj.909-520. mál)*

Stjórn Fjárfestingarstofu fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um eflingu „græna hagkerfisins“ og þær aðgerðir sem þar eru boðaðar til fjölpætrar uppbyggingar atvinnulífsins, ekki síst á grundvelli beinnar erlendrar fjárfestingar, en mörg af þeim verkefnum sem tilgreind eru sem dæmi um tækifæri til atvinnuuppbyggingar í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru einmitt orðin til m.a. að frumkvæði Fjárfestingarstofu. Má þar helst nefna möguleika á uppbyggingu gagnavera, framleiðslu á sólarkísil, uppbyggingu gróðurhúsa í iðnaðarstærð og uppsetningu grænna iðngarða. Nokkur þessara verkefna gætu komist á legg innan tíðar, en til að tryggja hámarks árangur er mikilvægt að auka samhæfingu milli orkunýtingar, atvinnuuppbyggingar og forgangsröðunar á verkefnum í samstarfi milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og orkufyrirtækja. Stjórn Fjárfestingarstofu vill ítreka nauðsyn þess að slík samhæfing sé höfð í huga við vinnu nefndarinnar verði umrædd þingsályktunartillaga samþykkt.

fh.stjórnar Fjárfestingarstofu  
  
Þórður H. Hilmarsson



*Alþingi*

*Erindi nr. P 138/2414*

*komudagur 18.5.2010*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akranesi 18. maí 2010

Tilvísun: L10050010/022.1/MG/--


**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál.**

Landmælingar Íslands vísa til erindis frá Iðnaðarnefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál.

Landmælingar Íslands fagna því að lögð er fram þingsályktun um grænt hagkerfi þar sem markmið sjálfbærrar þróunar verða höfð að leiðarljósi. Stofnunin vill minna á mikilvægi þess að hafa góðar landupplýsingar tiltækar við áætlanagerð um grænt hagkerfi þar sem hægt yrði að tengja margskyns upplýsingar og tölfræði við ákveðna staði og svæði á Íslandi.

Að öðru leiti gerir stofnunin ekki athugasemdir við þingsályktunina.

Bestu kveðjur

  
Magnús Guðmundsson  
forstjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 134/2622  
komudagur 1.6.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28.05.2010  
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, þskj. 909 - 520. mál**

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, þskj. 909 – 520 mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi.

Landsvirkjun tekur undir efni tillögunnar og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2489*  
*komudagur 21.S. 2010*

Iðnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 20. maí 2010  
2010050020/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál**


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framlagða tillögu til þingsályktunar enda markmið hennar m.a. að leita leiða til að samþætta hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar almennri ákvarðanatöku í efnahags- og atvinnumálum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson



26.5.2010

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2S71  
komudagur 27.5.2010

**Iðnaðarnefnd Alþingis**

**Umsögn Orkubús Vestfjarða ohf. um tillögu til þingsályktunar  
um um eflingu græna hagkerfisins, 520 mál.**

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er lagt að þingsályktunartillagan verði samþykkt .

Með bestu kveðjum  
Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða ohf

Kristján Haraldsson  
orkubússtjóri

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/2510  
komudagur 25.S. 2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9  
108 REYKJAVÍK  
os@os.is

Sími - 569 6000  
Fax - 568 8896  
http://www.os.is

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. maí 2010  
Tilvísun: 2010050015  
Bréfalykill: 50.11  
Verknúmer: 1227000

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál.

### Almennt um sjálfbærni og sjálfbæra þróun.

Orkustofnun vill vekja athygli á því að á síðustu árum hafa hugtökin sjálfbærni og sjálfbær þróun verið notuð víða í lagatexta, fræðilegum texta og almennri umfjöllun án frekari skýrgreiningar. Til eru fleiri en ein og fleiri en tvær skilgreiningar á hugtakinu sjálfbær þróun og því er hætt á, að sé hugtakið notað án frekari skilgreininga, verði það með öllu þýðingarlaust. Þrátt fyrir að skilgreining sjálfbærni sé um margt einsleitari og skýrari þá er hugtakinu iðulega skeytt framan við hin ýmsu orð svo oft á tíðum er erfitt að átta sig á því hvaða þýðingu það hefur. Ekki liggur t.d. í augum uppi hvað sjálfbær auðlindastjórnun þýðir.

Orkustofnun vill nota þetta tækifæri til þess að hvetja flutningsmenn framangreindrar tillögu til þingsályktunar til að taka mikilvægt skref fram á við í þessum efnunum og kynna sér hvað raunverulega felist í sjálfbærri þróun, hvernig hún hefur verið skilgreind og hvaða skilgreiningu flutningsmenn hyggjast leggja til grundvallar. Telur Orkustofnun það mikilvægt fyrir vinnu þeirrar nefndar, sem gert er ráð fyrir að kosið verði í í kjölfar þingsályktunartillögunnar, að Alþingi setji skýran ramma, hvað þetta varðar, með umræddri tillögu til þingsályktunar.

### Nánar um sjálfbæra þróun.

Meginregla umhverfissréttarins um samþættingu sjónarmiða felur í sér að samþætta eigi umhverfissjónarmið inn í alla stefnumörkun, áætlanagerð, löggjöf og aðra ákvarðanatöku á sviði mannglegra athafna. Þannig komi sjónarmið umhverfisins ávallt til skoðunar og verði vegin á móti sjónarmiðum er lúta að efnahag og þjóðfélagslegri þróun. Taka verði því tillit til, eða a.m.k. taka til skoðunar, sjónarmið og markmið sem lúta að umhverfisvernd þegar undirbúin eru lög og aðrar ákvarðanir sem munu hafa áhrif á umhverfið þegar þær koma til framkvæmda. Krafa um samþættingu tryggir hins vegar ekki sjálfkrafa forgang umhverfissjónarmiða heldur verða einstök lagaákvæði eða ákvarðanir að kveða á um slíkan forgang. (Sjá umfjöllun Aðalheiðar Jóhannsdóttur í grein hennar „Inngangur að meginreglum umhverfissréttar“.)

Ekki er einhugur milli fræðimanna um hvað sjálfbær þróun feli í sér, hvaða hugmyndafræði

býr að baki og hver útfærsla hennar eigi að vera. Í grunninn er þó óhætt að fullyrða að sjálfbær þróun feli í sér meginregluna um samþættingu sjónarmiða er varða efnahag, þjóðfélag og umhverfi og að unnt sé að þróa hvern þátt fyrir sig án þess að gengið sé á þróun annars. Orkustofnun bendir á að kenningar tveggja fræðimanna hafa reynst vel til gagnlegrar útfærslu á sjálfbærri þróun.

Klaus Bosselmann hefur gert greinarmun á sterkri og veikri sjálfbærni. Sterk sjálfbærni felur í sér að umhverfið setji þróun þjóðfélagsins takmörk, þar eð þjóðfélagið sé hluti af umhverfinu. Þróun þjóðfélagsins setji svo þróun efnahagsins takmörk, þar eð efnahagurinn sé hluti af þjóðfélagi og umhverfi. Umhverfið setji því öllum mannlegum athöfnum ákveðin takmörk. Veik sjálfbærni felur hins vegar í sér að allir þrír þættirnir hafi jafna stöðu gagnvart hver öðrum og að með samþættingu sé reynt að ná jafnvægi milli þróunar þeirra. Telur Bosselmann að hvor nálgun um sig, sterk og veik sjálfbærni, geti skipt máli og verið notuð á sama tíma. (Sjá umfjöllun Bosselmann í grein hans „The Concept of Sustainable Development“.) Aðalatriðið er að við nánari útfærslu á sjálfbærri þróun í lagaákvæðum og við ákvarðanatöku sé tekin afstaða til ólíkra nálgana og til þess hvaða takmarkanir umhverfissjónarmið eigi að hafa á þróun þjóðfélags og efnahags.

Í umfjöllun sinni um sjálfbæra þróun, leggur Staffan Westerlund áherslu á að í ljósi þess hversu víðtækt hugtak sjálfbær þróun er, sé nauðsynlegt að nálgast viðfangsefnið með því að greina sjálfbæra þróun í markmið og undirmarkmið. Þar af leiðandi er mikilvægt að gera sér grein fyrir, að í þeirri viðleitni að stefna að sjálfbærri þróun sem einhvers konar markmiði, þarf að skilgreina undirmarkmið og setja svo lagareglur eða taka ákvarðanir um stefnumótun sem eru til þess fallnar að ná þeim markmiðum.

### **Um einstök atriði tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins og meðfylgjandi greinargerðar.**

Í umræddri tillögu segir orðrétt: „Nefndin skal [...] leita leiða til að samþætta hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar almennri ákvarðanatöku í efnahags- og atvinnumálum.“ Í ljósi umfjöllunar hér að framan um sjálfbæra þróun er rétt að benda á að ekki er einhugur um hver hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er en auk þess þá er ekki rétt til orða tekið að segja að samþætta skuli þá hugmyndafræði almennri ákvarðanatöku í efnahags- og atvinnumálum. Sjálfbær þróun lýtur að því að samþætta þróun umhverfis, þjóðfélags og efnahags. Almenn ákvarðanatöku í efnahags- og atvinnumálum fellur því undir meginreglu sjálfbærrar þróunar um samþættingu sjónarmiða. Gæti framangreind setning því falið í sér að samþætta skuli samþættingu sjónarmiða er varða umhverfi, þjóðfélag og efnahag við þjóðfélag og efnahag.

Í umfjöllun greinargerðarinnar um grænt hagkerfi er minnst á sjálfbæra auðlindastjórnun. Orkustofnun telur það óljóst hvað átt er við með því hugtaki. Sömuleiðis liggur ekki í augum uppi hvað það þýðir að hefðbundnar framleiðslugreinar endurnýji sig með sjálfbærni að leiðarljósi, m.a. vegna þess að ekki verður séð hvernig framleiðslugreinar endurnýja sig. Þá stendur í þeim texta „sem slík“ úr öllu samhengi enda orðasambandið með öllu óþarft. Í umfjölluninni er og frjáltslega farið með eignarréttarhugtakið þar sem segir að gæði náttúrunnar séu sameign þjóðarinnar í nútíð og framtíð. Að lokum er tekið fram að hið græna hagkerfi svari því kröfunni um jafnræði og jafnvægi osfrv. án þess að sýnt hafi verið fram á það í textanum þar á undan.

Í umfjöllun um sérstöðu Íslands segir að losun gróðurhúsalofttegunda frá hverju mannsbarni



á Íslandi sé með því mesta í heiminum, um 17 tonn á ári. Samkvæmt því sem Orkustofnun kemst næst var heildarlosun á Íslandi, árið 2007, 4482 Gg án þess að tekið sé tillit til kolefnisbindingar. Mannfjöldinn 1. janúar 2008 var samkvæmt tölum Hagstofunnar 313.376 og losun á mann því í kringum 14,2-14,3 tonn árið 2007. Er þessi tala í samræmi við það sem fram kemur í niðurstöðum sérfræðinganefndar á vegum umhverfisráðuneytisins 2009 *Möguleikar til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi*, bls. 27. Losunarbókhaldið fyrir 2008 er væntanlegt á næstunni. Samkvæmt upplýsingum úr sömu niðurstöðum, bls. 27-28, er Ísland í níunda sæti, af 37 þróuðum ríkjum, hvað varðar mest útstreymi á íbúa árið 2006.

Í umfjöllun um grænt hagkerfi á Íslandi er minnst á græna vaxtarsprotu án frekari skilgreiningar.


Í umfjöllun um grænan landbúnað segir að sóknarfæri liggi m.a. í vaxandi kröfum neytenda um hollar og góðar landbúnaðarafurðir sem framleiddar séu á sjálfbæran hátt. Orkustofnun vekur athygli á því að þar sem landbúnaður á Íslandi hefur ekki staðið fjárhagslega undir sér í áratugi þá er varla hægt að tala um að íslenskar landbúnaðarafurðir séu framleiddar á sjálfbæran hátt.

Í umfjöllun um orkunýtingarstefnu er talað um sjálfbæra orkunýtingarstefnu og gerir Orkustofnun sér ekki grein fyrir því hvernig stefna getur verið sjálfbær.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllt

  
Valborg Steingrimsdóttir



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2509  
komudagur 25.5.2010

Nefndasvið Alþingis  
b.t. iðnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

25. maí 2010

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál**

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að hefja skuli undirbúning eflingar græna hagkerfisins á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Samorka tekur undir að Ísland býr við gríðarleg tækifæri á þessu sviði, ekki síst í ljósi þess að nær öll vara og þjónusta í landinu er „græn“ í þeim skilningi að rafmagn og hiti sem nýtt er af umræddum fyrirtækjum og stofnunum er endurnýjanleg orka. Í athugasemdum með tillögunni er m.a. talað um þá miklu framsýni sem fólgin var í fjárfestingum í hitaveitu á áttunda áratug síðustu aldar. Hér mætti þó að ósekju horfa lengra aftur í tímann enda var ráðist í miklar framkvæmdir af þessum toga í lok þriðja og á fjórða áratugar síðustu aldar, einnig víða um land.

Samorka vill hins vegar taka fram, að þótt gríðarleg tækifæri séu á þessum sviðum héraendis þá er kostnaðarsöm þróun flókinna tæknilausna, t.d. við virkjun sjávarfalla, betur vistuð á fjárhagsáætlunum öflugra iðnfyrirtækja eða stórra ríkja og sveitarfélaga erlendis, að mati samtakanna, en hjá íslenskum orku- og veitufyrirtækjum eða eigendum þeirra.

Samorka styður að tillagan verði samþykkt.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. maí 2008

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins

Samtök Ferðaþjónustumannar fagna tillögu um að hafinn verði undirbúningur eflingar græna hagkerfisins með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Mikilvægt er að uppbygging á grænu hagkerfi byggji á kröfunni um jafnræði og jafnvægi milli náttúruverndar og nýtinga. Ber þá sérstaklega að hafa í huga mikilvægi lítt snortinna og lítt raskaðra svæða fyrir ferðaþjónustuna. SAF tekur einnig undir að nauðsynlegt sé að huga að fjölgun orkukosta eins og virkjun sjávarfalla.

Úr umsögn SAF um Rammaáætlun:

*Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert er í aðferðum Rammaáætlunar og stefna að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtímamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru. Náttúruverndaráætlun, Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma auk væntanlegrar Landnýtingaráætlunar ferðaþjónustunnar þurfa að hafa samhljóm og samþættingu svo vel megi fara. Staða þessara áætlana er í dag óljós og veldur það óvissu og spennu. Samtök ferðaþjónustunnar vilja að lokum taka fram að það eru mikil vonbrigði að lagafrumvarp um stöðu Rammaáætlunar skuli ekki hafa verið lagt fram eins og stefnt hafði verið að. Til að sú mikla fagvinna sem unnin hefur verið megi nýtast sem best þarf að vera ljóst hvaða gildi niðurstöðurnar hafa.*

Íslensk náttúra og ósnortin víðerni hennar eru þeir grunnþættir sem draga 70% erlendra ferðamanna til Íslands. Samtökin benda þess vegna á mikilvægi þess að gerð verði landnýtingaráætlun með hliðsjón af ferðaþjónustu og sú áætlun einnig höfð að leiðarljósi við eflingu græna hagkerfisins.

Virðingarfyllt

Gunnar Valur Sveinsson  
Verkefnastjóri  
Samtök ferðaþjónustunnar

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Gufunesi 1. júní 2010.

**UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM EFLINGU GRÆNA HAGKERFISINS, ÞSKJ.909 – 520 MÁL**

Með tölvupósti þann 17. 5 2010 var SORPU bs. gefið tækifæri til að koma á framfæri ábendingum við ofangreinda þingsályktunartillögu fyrir 28. maí 2010 og er það hér með gert. Beðist er velvirðingar á seinum svörum. Rétt er að taka fram að þessar ábendingar eru undirritaðs en eru ekki skoðun stjórnar fyrirtækisins.

Almennt ber að fagna framkominni þingsályktunartillögu. Tillagan og þá sérstaklega greinargerðin líður þó fyrir það að vera plöguð málskrúði og hugtakanotkun sem erfitt er að sjá í gegnum hvað þýðir í raunveruleikanum eða að hvaða niðurstöðu eða útkomu stefnt er að. Hér eru nokkur dæmi um slíkt:

„Vistvæn atvinnustarfsemi“

Ekki er gerð tilraun til að skilgreina hvað í þessu hugtaki felst

„Stoðkerfi atvinnulífsins“

Á þetta er mynnst í tillögunni en finnst ekki staður í sjálfri greinargerðinni

„Virðing fyrir náttúrunni“

Ekki er gerð tilraun til að skilgreina hvað hér er átt við með „náttúru“ – er t.d. maðurinn hluti af náttúrinni í þessari umfjöllun?

„jafnræði....,milli einstakra atvinnugreina....“

Hvað þýðir jafnræði milli einstakar atvinnugreina / hvaða atvinnugreina?

„Græn störf finnast..., og eiga það sammerkt að stuðla að samdrætti í orkunotkun, hráefnanotkun og vatnssnotkun með hagkvæmum aðferðum“

Það væri áhugavert að kynnast þeirri atvinnustarfsemi sem hefur slíka hagræðingu ekki að leiðarljósi!

„Þar er m.a. um að ræða grænan iðnað sem er háður orkunýtingu“

Er einhver starfsemi til á Íslandi sem ekki er háð orkunýtingu á einhvern hátt hvort sem hún er skilgreind sem „grænn iðnaður“ eða ekki??

„Kanna þarf hvernig efla megi framleiðslu .... hreinorkubíla á Íslandi...“

Enginn framleiðsla á ökutækjum fer fram á Íslandi og hefur ekki farið fram. Að auki hljóta menn að spyrja sig hvort framleiðsla ökutækja geti talist „græn“ út frá einhverju viðmiði – framleiðsla ökutækja hefur hingað til ekki talist til „hreinustu“ tegundar iðnaðar og er sjálfsagt enn langur vegur frá.

„...og notkun hreinorkubíla á Íslandi....“

Ekki er gerð tilraun til að skilgreina hvað er hreinorkubíll. Sem dæmi Lexus GS450h er tvínnbíll, gengur fyrir bensíni og rafmagni sem framleitt er með bensíni og hemlaafli. Bíllinn

„...til notkunar í kolefnislausum iðnaði“

„Grænn landbúnaður er umhverfisvænn og að mestu lífrænn“

„... og mengun sem fylgir flutningum um langan veg frá býlum í sláturhús...“

„...skapandi atvinnugreinar“

„...svo Íslendingar verði í fremstu röð tækniþróunar varðandi...“

eyðir um 7,9 l /100 km og skilur eftir sig 186 g CO<sub>2</sub>/km. KIA RIO er díselbíll og eyðir 4,7 l/100 km og skilur eftir sig 121 g CO<sub>2</sub>/km. Hvor er „hreinorkubíll“?

Hvað er átt við með kolefnislausum? Kolefni er undirstöðu efni alls líf á jörðinni. Hvað framleiðsla er þá eftir ef iðnaður skal vera kolefnislaus? Setningin er óskiljanleg

Hér hlýtur að vera einhver misskilningur á ferðinni. Af hverju sláturdýri verður til (almennt) tvær afurðir, afurðir til manneldis og úrgangur og skiptist þetta nokkuð jafnt (50% úrgangur). Eitthvað þarf að gera við úrganginn, væntanlega aka á brott nema ætlunin sé að urða og eyða á staðnum sem gengi þvert gegn áætlunum um að draga úr urðun á úrgangi, skapaði aukna metanmyndun og til yrðu urðunarstaðir út um allar koppagrundir. Úrgangurinn væri því væntanlega fluttur í annari ferð (þ.e.a.s. ekki með afurðum til manneldis) og því væri mengun frá flutningum helmingi meiri við heimasláturn, en ef dýr er flutt á fæti í sláturhús, þá þarf bara eina ferð. Heimaslátrun og heimavinnsla eykur því flutninga og mengun en ekki öfugt. Einnig má færa rök fyrir því að annar flutningur í kringum heimavinnslu eykst miðað við miðlæga slátrun og vinnslu.

Er áliðnaður ekki skapandi atvinnugrein? Eða orkuiðnaður, landbúnaður eða sjávarútvegur? Hógvært orðaval ætti betur við hér, sérstaklega í ljós fenginnar reynslu af útrás fjármálastarfsemi sem átti að vera í fremstu röð.

Eins og áður segir er það fagnaðarefni að þingsályktunartillagan er fram komin en skortir ákveðinn „fókus“. Einn stærsti atvinnurekandi á Íslandi er Reykjavíkurborg auk þess sem sveitarfélögin í landinu eru stórir atvinnurekendur. Því er nokkuð undarlegt að lesa þingsályktunartillögu um grænt hagkerfi þar sem sveitarfélögin, einn stærsti hluti hins venjulega hagkerfis er ekki nefndur á nafn.

Virðingarfyllt,

Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2642  
komudagur 2.6.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. júní 2010  
Tilvísun: UST20100500075/klá

### Umsögn um þingsályktunartillögu um eflingu græns hagkerfis

Þann 17. maí sl. óskaði iðnaðarnefnda Alþingis eftir umsögn Umhverfisstofnunar á tillögu til þingsályktunar um eflingu græns hagkerfis.

Umhverfisstofnun vil benda á að á fundi í Balí árið 2010 skilgreindi Umhverfisstofnun Sameinuðu Þjóðanna UNEP grænt hagkerfi á eftirfarandi hátt: (*Þýðing Umhverfisstofnunar*) „grænt hagkerfi [...] er kerfi efnahagslegra ákvarðana um framleiðslu, dreifingu og notkun á vöru og þjónustu, sem til langs tíma leiðir af sér bætt lífskjör fyrir fólk án þess að ganga á náttúruauðlindir og umhverfisgæði kynslóða framtíðarinnar.“

Umhverfisstofnun telur að flestir séu sammála um að nauðsynlegt sé að breyta hagkerfi Íslands í kjölfar efnahagshrunsins og þá í átt að grænu hagkerfi. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjölga grænum störfum og nýta betur auðlindir m.a. með endurnýtingu og endurnotkun úrgangs. Nauðsynlegt er að byggja á umhverfishagtolum um t.a.m. náttúruauðlindir. Skattastefnan þarf að vera græn með mengunarbóta- og nytjagreiðsluregluna að leiðarljósi.

Þau verkfæri sem Umhverfisstofnun notar í dag til að efla hið græna hagkerfi eru m.a. vistvæn innkaup, aukin áhersla á umhverfismerki og græna nýsköpun. Umhverfisstofnun hefur unnið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og Ríkiskaup að því að virkja það afl sem býr í innkaupum ríkisins til þess að minnka neikvæð umhverfisáhrif opinberra innkaupa og auka græna nýsköpun meðal íslenskra fyrirtækja. Ljóst er að á þessu sviði eru miklir möguleikar til vaxtar.

Umhverfisstofnun telur öll skref til eflingar græns hagkerfis vera jákvæðar og tekur því undir tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins.

Virðingarfyllst

Kristín L. Arnadóttir  
Förstjóri

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðstjóri

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/241S  
komudagur 18.5.2010



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. maí 2010  
Tilvísun: 2010050043/90.12  
HrH/BH  
Tilv. ykkar: Tölvupóstur 17.05.2010

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál.**

Með tölvupósti dags. 17.05.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint erindi.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við þingsályktunina.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,  
vegamálastjóri.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2608  
komudagur. 31.5.2010

Til nefndasviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Ágætu Alþingismenn!

Hér á eftir fara hugleiðingar og ábendingar Vesturlandsskóga, varðandi þingsályktunartillögu á þingskjali, nr. 909 á 138 löggjafarþingi Íslands. Umfjöllunarefnið snýst um “eflingu græna hagkerfisins”.

Það skal fúslega viðurkennt, að hugleiðingar okkar eru ekki altæk hlutlæg úttekt á innihaldi þingskjalsins. Þvert á móti bera þær þess merki, í hvaða geira við störfum

Í greinargerð með tillögunni er að finna ýmis tiskuorð, sem hafa ekkert með grænt hagkerfi að gera, svo sem “mýrableytingu”, en ekki liggja fyrir óbyggjandi rannsóknaniðurstöður um, að mýrableyting bindi meira af koltvísýringisígildum en hún losar. Einnig er nefnt tiskuorðið “menningarlandslag”, Í raun felur ósk um verndun menningarlandslags í sér ósk um að frysta atvinnu-/mannlíf á einhverju svæði í því fari, sem það var í fyrir einhverjum árum síðan, enda atvinnulíf og landnýting breytingum háð. Með breytingum á loftslagi og í efnahagslífi breytist menningarlandslagið. Menn sjá fram á, að hækkun meðalhita á Íslandi verði á þessari öld tvær gráður á Celsius eða jafnvel meiri. Þetta þýðir, að víða á láglandi verður hægt að rækta hveiti, byggrækt verður örugg á flestum núverandi bújörðum og skóg verður hægt að rækta 300 m hærra yfir sjávarmáli en gert er í dag, þ.e. uppí 500-600 m hæð yfir sjó.

Það væri til bóta, að í skilgreiningu á græna hagkerfinu fælist hin alþjóðlega viðurkennda skilgreining á sjálfbærri þróun. Sú skilgreining á sér þrjár stoðir, þ.e. hagræna, félagslega og líffræðilega. Það hefur verið plagsiður sjálfskipaðra náttúruverndarmanna að gleyma tveimur fyrrnefndu stoðunum og nefna síðan aðeins til sögunnar eina grein í líffræðilegu stoðinni, þ.e. hluta skilgreiningar hugtaksins biodiversity, sem best verður þýtt yfir á íslensku með orðinu “lífbreytileiki”. Skilgreining hugtaksins biodiversity er margþætt í Ríósáttmálanum. Sú staðreynd hefur alveg gleymst í umfjöllun um hugtakið hér á landi.

Þegar þess er gætt, að hugsunin um sjálfbæra atvinnustarfsemi, sjálfbæra þróun, á upptök sín í fræðigreinininni “skógfræði” sem og í þeirri atvinnugrein, sem höndlar með skógarauðlindina, gegnir furðu, að í allri greinargerðinni skuli hvergi minnst á skógrækt og sjálfbæra nýtingu skóga, sem hluta hins græna hagkerfis. Þessi himinhrópani vöntun, þarfnast skoðunar, sem ekki verður gerð í þessari umsögn. Eftirfarandi er tilvitnun í drög að skógræktarstefnu fyrir Ísland:

“Sjálfbær þróun“ á hugmyndafræðilegar rætur að rekja til umfjöllunar um skógrækt. Þýski skógfræðingurinn Hans Carl von Carlowicz notaði hugtakið fyrst í ritinu *Silvicultura Oeconomica* árið 1713 til að lýsa því hvernig hægt væri að nýta skóg án þess að eyða honum. Georg Ludwig Hartig (1764-1837) útskýrði hugtakið á þennan hátt: *Öll skynsamleg skógrækt verður að hafa í heiðri og leitast við að efla og nýta sem best gæði skógarins, en þannig að óbornar kynslóðir geti sótt í skógana að minnsta kosti jafn mikil gæði og mülifandi kynslóð krefst sér til handa.*”

Ekkert er í greinargerð minnst á, að í hinu græna hagkerfi verði stuðlað að uppbyggingu og vernd hinnar mikilvægu endurnýjanlegu auðlindar, gróðurmoldarinnar. Viðheldin framleiðni og ekki síður endurheimt tapaðrar framleiðni náttúrunnar hljóta í landi eins og Íslandi að verða grundvallarþáttur í grænu hagkerfi. 11 alda búseta hefur leitt til þess, að framleiðslugeta gróðurmoldarinnar er aðeins brot af því, sem hún gæti verið. Með sjálfbærum hætti væri hægt að bæta úr þessu á tiltölulega skömmum tíma og litlum tilkostnaði með því að nota aðferðir sjálfrar náttúrunnar, þ.e. belgurtir eins og t.d. lúpínu. Notkun verksmiðjuframleidds áburðar í sama skyni væri margfalt dýrari og er langt því frá að geta talist í anda sjálfbærrar þróunar, enda losnar mikið af gróðurhúsalofttegundum við framleiðslu “tilbúins” áburðar og flutning hans um langan veg til landsins.



Ennþá er meðvitað verið að ganga á grundvallarauðlind landsins, gróðurmoldina og steinar lagðir í götu þeirra, sem þó vilja byggja hana upp á eigin landi. Löngu er kominn tími til þess að endurskoða lagaákvæði um vörsluskyldu búfjár. Slík endurskoðun er í það minnsta forsenda þess, að hægt verði að endurheimta birkiskóga/-kjarr á allt að 10% landsins, eins og nú er stefnt að af hálfu Umhverfisstofnunar. Og víst er, að hluti þeirrar framleiðslu sauðfjárafurða, sem nú á sér stað í landinu, er ekki vistvæn framleiðsla og því tæpast hluti af grænu hagkerfi.

Fábreytni íslenskrar flóru og fánu er við brugðið. Við þurfum ekki að varðveita fábreytnina, heldur að efla hær fjölbreytni, m.a. með innflutningi tegunda, einkum úr jurtaríkinu, sem sumar hverjar geta nýtt sér náttúruvarir á Íslandi betur en þær tegundir, sem hingað hafa komist af sjálfdáðum yfir hina djúpu Atlantsála. Þetta hafa skógræktarmenn gert með góðum árangri, en betur má ef duga skal.


Hlýnandi loftslag kallar á vísindalega leit að tegundum, sem geta nýtt sér breyttar aðstæður. Sumpart getum við bjargað tegundum trjáa frá yfirvofandi útrýmingu vegna loftslagsbreytinga í heimkynnum þeirra. Allt stuðlar þetta að auknum lífbreytileika á eyjunni okkar.

Framleiðsla eldsneytis úr skógarafurðum er talin geta skilað um 30 kcal fyrir hverja kcal af jarðefnaeldsneyti, sem notuð er til framleiðslunnar. Sama hlutfall fyrir sykurreyr er 8:1, fyrir mais nálægt 1:1 og líklegt að hlutfallið við ræktun repju sé einnig nálægt 1:1. Eins mætti ná mjög góðum sjálfbærum árangri við framleiðslu lífræns eldsneytis með notkun lúpínu á íslenskum eyðimörkum eins og sá ágæti verkfræðingur, Ásgeir Leifsson, kynnti fyrir þjóðinni fyrir meira en 10 árum.

**Framleiðsla lífræns eldsneytis úr mais eða repju, getur sem sagt vart talist hluti af grænu hagkerfi.**

Hollt væri þeim, sem móta stefnu um “hið græna hagkerfi” að innlima tímaviddina í hugsun sína og þar með að gera sér grein fyrir því, að ástand gróðurlendis á Íslandi í dag er afleiðing stórfellds umhverfisslyss og að þessu ástandi má breyta til hins betra á næstu áratugum, ef viljinn er fyrir hendi. Ein grundvallarforsenda þess að svo megi verða, er, að vörsluskylda búfjár verði með sambærilegum hætti héraðs og er í þeim löndum, sem við viljum miða okkur við. Þá myndi birkiskógurinn flæða frjálts um landið. Sannleikurinn um þátt sauðfjárhalds í gróðureyðinginni hefur mátt liggja í þagnargildi um skeið, þar sem við höfum búið í samfélagi þöggunar. Mál er að linni! Hinu er rétt að halda til haga, að á Nýja-Sjálandi, sem líka er eldfjallaland og 2,6 falt stærra en Ísland, eru 34 milljónir sauðfjár - innan girðinga og allur þessi fjöldi sauðfjár er ekki að rýra gróðurlendi þar í landi.

Með vinsemd og virðingu, Hvanneyri 28. maí 2010 f.h. Vesturlandsskóga,

  
Sigvaldi Asgeirsson.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2616  
komudagur 31. S. 2010



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
b/t Kristínar Einarsdóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2010.

Efni: Tillaga tilþingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins. (520. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að hafinn er undirbúningur eflingar græna hagkerfisins á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.*

*Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.*

Virðingarfyllt,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands